



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðistölfraði

4. árg. 10. tölublað. Október 2010.

EFNI:

Biðlistar vegna skurðaðgerða á sjúkrahúsum **bls. 1**

Fóstureyðingum í yngstu aldurs-
hópunum fer fækkandi **bls. 2**

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Anna Björg Aradóttir
Matthías Halldórsson
Svanhildur Þorsteinsdóttir

Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ HEILBRIGÐISTÖLFRAÐISVIÐ

Austurströnd 5
170 Seltjarnarnes
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

BIÐLISTAR VEGNA SKURÐAÐGERÐA Á SJÚKRAHÚSUM Í OKTÓBER 2010

Nú liggja fyrir upplýsingar um fjölda sjúklunga á biðlista eftir völdum aðgerðum í október 2010. Heildaryfirlit yfir stöðu á biðlistum er að finna á síðunni [Aðgerðir og biðlistar - tölur](#) á vefsetri Landlæknisembættisins. Hafa ber í huga að tölur ná einungis yfir þá sem beðið hafa lengur en þrjá mánuði.

Almennt virðist sem fjölgun hafi orðið á flestum biðlistum frá því í júní á þessu ári. Árstíðasveiflur í starfsemi sjúkrahúsa skýra fjölgunina á sumum biðlistum og því er rétt að bera saman bið eftir aðgerðum í sama mánuði árinu áður. Sé litið til október 2009 má þó sjá greinilega fjölgun á vissum biðlistum.

Gerviliðaaðgerðir

Eftirtekt vekur fjölgun á biðlista eftir bæði gerviliðaaðgerðum á mjöðmum og hjám (sjá mynd). Í október 2009 voru 210 á biðlista eftir hjálíðaaðgerð en 330 nú. Er þetta meðal annars afleiðing af því að aðgengi að skurðstofum fyrir bæklunar-lækningar var minnkað á Landspítalanum í kjölfar niðurskurðar, en unnið er að úrbótum. Fjölgun á biðlista eftir mjaðmarliðaraðgerð var ekki eins mikil (170 í

október 2009 en 197 í október 2010). Áætlaður biðtími eftir þessum aðgerðum er talsvert langur. Á Sjúkrahúsinu á Akranesi er bið eftir hjálíðaaðgerð upp undir ár og nær eitt og hálf ár á Landspítala.


Gallsteinaaðgerðir

Biðlisti eftir gallsteinaaðgerðum hefur lengst um rúman helming milli ára (13 biðu í október 2009 en 27 nú). Áætlaður biðtími hefur að sama skapi lengst.

Hjarta- og/eða kransæðamyndataka

Talsverð fjölgun hefur orðið á biðlista eftir hjarta- og/eða kransæðamyndatöku (kransæðavíkkarir meðtaldar). Í október árið 2009 biðu 4 eftir aðgerð en nú 17. Endurskipulagning á eftirfylgd sjúklunga í lok hjartaþræðingar gefur vonir um styttri biðtíma. Hins vegar virðist þessi fjölgun ekki hafa haft teljandi áhrif á áætlaðan biðtíma milli ára. Þess ber þó að geta að biðlisti er enn tiltölulega stuttur ef miðað er við október árið 2008 þegar 86 voru á biðlista.

(Framhald bls. 2)



Heimild: Landlæknisembættið

Í október 2009 voru 210 á biðlista eftir hjálíðaáðgerð en eru 330 nú. Fjölgun á biðlista eftir mjaðmarlíðaraðgerð var ekki eins mikil.

Aðrar aðgerðir

Nokkur aukning varð á ákveðnum biðlistum samanborið við júní í ár. Ekki er vitað hvort hér um árstíðabundnar sveiflur að ræða. Fylgjast þarf með þróun á þessum biðlistum:

- Biðlisti eftir skurðaðgerð á augasteini hefur vaxið um tæp 40% frá því í júní á þessu ári, úr 381 í 532. Samsvarandi aukning varð ekki á biðlistanum milli júní og október 2009. Það má því ætla að hér sé ekki um árstíðabundnar sveiflur að ræða. Til samanburðar má geta þess að á biðlista í október 2009 voru 1222.
- Biðlisti eftir brjóstaminnkunaraðgerð er heldur fjölmennari (104) en í júní (91). Slíka fjölgun var ekki að sjá milli júní og

október í fyrra, heldur var um talsverða fækkun að ræða á því tímabili. Samkvæmt upplýsingum frá Landspítala er við túlkun þessa biðlista vert að hafa í huga að einhver hluti þeirra sjúklinga sem á honum er vinnur að því að mæta forkröfum aðgerðar um að léttast.

- Biðlisti vegna hálskirtlatöku hefur lengst um nær 40% miðað við júní á þessu ári. Biðlistinn lengdist einungis um 7% á sama tímabili í fyrra. Fjölgunin virðist eingöngu eiga við á Landspítala, en þar hefur áætlaður biðtími einnig lengst umtalsvert milli ára.

Svanhildur Þorsteinsdóttir

FÓSTUREYÐINGUM Í YNGSTU ALDURSHÓPUNUM FER FÆKKANDI


Árið 2009 var framkvæmd 971 fóstureyðing hjá konum með lögheimili á Íslandi sem eru heldur fleiri fóstureyðingar en undanfarin ár. Fjölgun sést ennfremur sé litið til fjölda fóstureyðinga á hverjar 1.000 konur í aldurshópnum 15–44 ára. Meðalfjöldi fóstureyðinga undanfarinn áratug hefur verið um 930, en þær voru færstar árið 2005 (868) og flestar árið 2000 (987). Þrátt fyrir fjölgun fóstureyðinga miðað við árin á undan er rétt að hafa í huga að árið 2009 var metár í fæðingum. Sé litið til fjölda fóstureyðinga miðað við hverjar 1.000 fæðingar má merkja svolitla fækkun, sbr. mynd 1.

Fóstureyðingum í yngstu aldurshópnum hefur farið heldur fækkandi undanfarin ár. Árið 2009 gengust 140 stúlkur 19 ára og yngri undir fóstureyðingu á landinu en þær hafa ekki verið færri í þessum aldurshópi síðan árið 1991. Á hinn bóginn hefur fóstureyðingum meðal kvenna fjörutíu ára og eldri fjölgað undanfarin tvö ár, en tæplega 7% allra fóstureyðinga sem framkvæmdar voru í fyrra voru hjá konum í þessum aldurshópi (sjá mynd 2).

Sjá nánar [talnaefni um fóstureyðingar](#).

Framh. bls. 3

Árið 2009 gengust 140 stúlkur 19 ára og yngri undir fóstureyðingu á landinu. Hafa þær ekki verið færri í þessum aldurshópi síðan árið 1991.



Heimild: Landlæknisembættið

Ófrjósemisaðgerðir 2009

Árið 2009 gengust 512 einstaklingar undir ófrjósemisaðgerð hér á landi sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Nokkur viðsnúningur hefur hins vegar orðið á hlutfalli kynjanna. Í fyrra voru karlar um 69% þeirra sem fóru í ófrjósemisaðgerð og konur 31%.


Þeim konum sem gangast undir ófrjósemisaðgerðir virðist stöðugt fækka, þær voru

154 árið 2009 en flestar árið 1986, 660 talsins. Að sama skapi hefur orðið töluverð aukning í fjölda ófrjósemisaðgerða meðal karlmanna. Árið 2009 voru skráðar 358 slíkar aðgerðir sem er mesti fjöldi frá upphafi talningar (sjá mynd 3).

Sjá nánar [talnaefni um ófrjósemisaðgerðir](#).

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir


Fjöldi fóstureyðinga í yngstu og elstu aldurshópnum



Mynd 2

— 19 ára og yngri — 40 ára og eldri

Ófrjósemisaðgerðir á 1.000 íbúa á aldrinum 25–54 ára



Mynd 3

Heimild mynda 2 og 3: Landlæknisembættið